

BRÚNAVEGUR 9, GRÍMSNES- OG GRAFNINGSHREPPUR BYGGINGARLÝSING:

Sumarbústaðurinn stendur í miklum halla á steyptum sökkli. Hann er klæddur með standandi lerkivíðarklæðningu og er með bárujárnklæddu mænisþaki. Steyptur sólpallur er sunnan hússins og timburstigi leiðir af pallinum niður í laut á austurhorni lóðar. Vestan aðal hússins við aðkomu er minna gestahús.

Erindis lýsing:

Aður var á lóðinni sumarbústaður sem nú hefur verið fluttur. Sótt er um að byggja nýjan sumarbústað í stað þess sem fyrir var. Innlögn þessi tekur eingöngu fyrir mannvirkni í Matshluta 1.

Opinber skráning:

Stgr. 8719-1-12200090 Lnr. L168348

Notkun:

Fristundarbyggð

Stærðir:

Matshluti 01 er samtals 119,2 m² (D8) og 402,2 m³ (D11).
Birt flatarmál eignar er 119,2 m².
Matshluti 02 (ekki hluti af þessari innögn) er samtals 25,6 m² (D8) og 91,7 m³ (D11).
Birt flatarmál eignar er 25,6 m².

A + B rými eru 137,1 m² fyrir Mhl. 1 og 25,6 m² fyrir Mhl. 2.
Flatarmál til útreiknings nýtingarhlutfalls er samtals 162,7 m².

Lóð og aðkoma:

Lóðin er 9118 m² og er ekið inn á hana úr norðri. Nýtingarhlutfall lóðar er 162,7 m² / 9118 m² = 0,018. Sem er innan marka skilmálabreytingar á gildandi deiliskipulagi (Málnr. 2010120049). Ekki er til mæliblað fyrir lóðina og því er notast við hæðarlínur til að gefa upp gólfkóta og aðrar hæðir. Miðað er við að lega nýs bústaðar á lóð sé sú sama og brotnuminn bústaður hafði áður. Gert er ráð fyrir 3 bílastæðum á lóð. Ekki er sérstaklega gert ráð fyrir bílastæði fyrir hreyfihamlaða á lóð, þó vel megi tilhaga bílastæðum þannig að bíll fyrir fólk í hjólastól geti lagt samsíða steyptum palli.

Burðarkerfi og byggingarefni:

Megin byggingarefni og burðarkerfi sumarhússins er timbur. Sökkjar og botnplata eru staðsteypt á fastan berandi jarðveg.

Fallvarnir:

Á suðurhlíð hússins er sólpallur með þrepum niður á baklóð. Þau skulu taka mið af gr. 6.4.6, reglugerðar 112/2012 í útfærslum og framkvæmd. Á palli skal vera handrið þar sem við á og skal það taka mið af gr. 6.5.2 reglugerðar 112/2012. Öryggisgler/hert gler skal vera í gluggum og glerhurðum sbr. gr. 8.5.2 í byggingarreglugerð 112/2012.

Einangrun:

Pak er einangrað með 200 mm þéttull eða sambærilegri einangrun. Frágangur á þaki er bárujárn, þakefni í flokki-T skv. ÍST EN 13501-5. Reiknað er með loftunarbíli á milli einangrunar og þakefnis. Útveggir hússins eru einnig einangraðir með 120 mm þéttull og viðkæddir.

Sökkjar eru 200 mm einangraðir að innanverðu með 100 mm einangrunarplasti (polystyren) með rúmpyngd 24 (kg/m³) eða sambærilegt. Botnplata er 120-150 mm og einangruð að neðanverðu með 200 mm polystyreineinangrun með rúmpyngd 24 (kg/m³) eða sambærilegt.

Við varmatapsútreikninga er tekið mið af eftirfarandi og uppfylla ÍST 66:

Byggingarhluti	Leyft hámark U-gildis (W / m2 K)	
	Ti > 18°C	18°C > Ti > 10°C
Þak	0,20	0,30
Útveggur	0,40	0,40
Léttur útveggur	0,30	0,40
Gluggar	2,0	3,0
Hurðir	3,0	engin krafa
Ofanljós	2,0	3,0
Gólf á fyllingu	0,30	0,40
Gólf að upphituðu rými	0,30	0,40
Gólf að útilofti	0,20	0,40
Útveggir, vegið meðaltal	0,85	engin krafa

Innveggir:

Innveggir eru byggðir upp á timburgrind og eru klæddir með nótuðum krossvið. Allir innveggi skal holrúm vera fyllt með steinullareinangrun. Loft- og veggklæðningar innanhúss skulu vera í flokki 2. Þar sem húsið telst vera í notkunarflokki 3, og ekki meira en tvær hæðir. Að öðru leyti skal taka mið af gr. 9.6.8. reglugerðar 112/2012 eftir því sem við á.

Lagnaleiðir og lagnakerfi:

Megin lagnaleiðir neysluvatns og frárennsils eru í sökkli. Gert er ráð fyrir náttúrulegri loftræsingu. Við hönnun á lagnakerfum skal taka mið af eftir því sem við á gr. 14.5.1-14.9.1 í 112/2012.

Varmaskipti sér um að neysluvatn hitast í max 65°C sbr. staðal.


Hitakerfi er gólfhitakerfi, frárennslí hitaveitu er í regnvatnslögn og skal hámarks hitastig ekki vera hærra en 20°C.

Brunavarnir:

Um er að ræða timburhús, því er brýnt að auðvelt sé að bregðast við ef eldur kviknar. Reykskynjarar og handslökkvibúnaður verður settur í húsið í samræmi við reglugerð. Björgunarop eru úr öllum svefnherbergjum í samræmi við gr. 9.5.5 112/2012. Björgunarop eru 0,5 m frá gólfi og ljósop þeirra skulu vera a.m.k. 0,9 m á hæð og 0,6 m á breidd. Við nánara val á gluggakerfi skal litið til þess að ljósmál björgunaropa viki ekki frá kröfum reglugerðar. Varðandi þakfrágang sjá grein um „Pak og frágangur útveggja“. Frágangur við eldstæði og reykhálf skal vera í samræmi við gr. 9.6.5 og 9.6.6 í byggingarreglugl. 112/2012.

Hljóðvist:

Húsið uppfyllir hljóðvistarflokk C samkv. ÍST 45. Við ákvörðun á staðsetningu á pipum, tækjum og stjórnbúnaði skal tryggd að hávaði frá þeim valdi ekki óþægindum í byggingunni eða umhverfi hennar. Tekið er mið af leiðbeiningablaði Mannvirkjastofnunar nr. 11.1.2.



AFSTÖÐUMYND

1:500

Frágangur lóðar:

Á lóðinni er rauðamöiðslóði sem liggur að bílastæðum fyrir framan húsið. Að öðru leyti vex lóðin villt. Frágangur á lóðarmörkum verður gerður í samráði við nágretta.

Sorp:

Ekki er gert ráð fyrir sorpi á lóð, heldur notast við sorggám fyrir sumarbústaðalandið.

Rotþró:

Rotþró er staðsett um 10 m frá norðan sumarhússins skammt frá slóða sem liggur að bústaðnum samkvæmt leiðbeiningum Umhverfisstofnunar. Rotþróin er 2.600 lítra. Ætla má að ekki verði fleiri en 6 manns að jafnaði í bústaðnum og því ætli rotþróin að geta þjónustað þá þörf.

ÖLL MÁL ATHUGIST Á VERKSTAÐ
UMTALSVERÐ FRÁVIK FRÁ TEIKNINGUM
SKAL TILKYNNNA TIL ARKITEKTAR

+ARKITEKTAR

Brúnavegur 9

Afstöðumynd



teikn. AþS

verknr. 2203

Haraldur Ingvarsson arkitekt 030956-3389 hi@plusark.is
Páll Hjaltason arkitekt 070859-2119 ph@plusark.is


A.01

Fiskislóð 31 101 Reykjavík 898-4959 www.plusark.is



A SNEIDING

1:100



B SNEIDING

1:100

ÖLL MÁL ATHUGIST Á VERKSTAÐ
 UMTALSVERÐ FRÁVIK FRÁ TEIKNINGUM
 SKAL TILKYNNNA TIL ARKITEKTA

+ARKITEKTAR


Brúnavegur 9
 Grunnmynd og sneiðingar

dags. 29.8.2022
 mkv. 1:100
 teikn. AþS
 verknr. 2203


Haraldur Ingvarsson arkitekt 030956-3389 hi@plusark.is
 Páll Hjaltason arkitekt 070859-2119 ph@plusark.is

A.02


Fiskislóð 31 101 Reykjavík 898-4959 www.plusark.is




VESTUR ÚTLIT 1:100



SUÐUR ÚTLIT 1:100



AUSTUR ÚTLIT 1:100



NORÐUR ÚTLIT 1:100



ÖLL MÁL ATHUGIST Á VERKSTAÐ
UMTALSVERÐ FRÁVIK FRÁ TEIKNINGUM
SKAL TILKYNNNA TIL ARKITEKTA

+ARKITEKTAR

Brúnavegur 9
Útlit

dags. 29.8.2022
mkv. 1:100
teikn. ApS
verknr. 2203

Haraldur Ingvarsson arkitekt 030956-3389 hi@plusark.is
Páll Hjaltason arkitekt 070859-2119 ph@plusark.is

A.03

Fiskilóð 31 101 Reykjavík 898-4959 www.plusark.is

